

## Utanríkisverslun með vörur 2005

### Samantekt

Allt árið 2005 voru fluttar út vörur fyrir 194,4 milljarða króna en inn fyrir 288,9 milljarða króna fob, 313,9 milljarða króna cif. Halli var því á vöruskiptunum við útlönd sem nam 94,5 milljörðum króna fob en 37,8 milljarða króna halli var árið 2004. Útflutningur dróst saman um 4% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs, en innflutningur jókst um 20,5%. Sjávarafurðir voru 57% alls útflutnings og dróust saman um 9,5% frá fyrra ári, iðnaðarvörur voru 34% alls útflutnings og dróst verðmæti þeirra saman um 6%. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 25% hlutdeild, fjárfestingarvörur með 23% hlutdeild og flutningatæki með 20% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi flutningatækja. Mest var flutt inn frá og út til Evrópska efnahagssvæðisins, EES, 77% útflutnings fór þangað og 69% innflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Bretland í útflutningi, 18% af heild, og Þýskaland í innflutningi, 14% af heild.

### Vöruskiptajöfnuður

Útflutningur 194,4 milljarðar fob  
og innflutningur 313,9 milljarðar  
cif

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 1996–2005. Innflutningur er hér sýndur á cif-verði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2005 nam verðmæti vörutíflutningsins í heild 194,4 milljörðum króna fob á móti 313,9 milljarða heildarvöruinnflutningi cif. Þetta þýðir að útflutningur umfram innflutning á árinu 2005 var neikvæður um 119,5 milljarða. Samkvæmt þessum mælikvarða hefur verið halli á utanríkisversluninni allan þennan áratug. Hallinn hefur verið mismikill eða frá um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 61,5% árið 2005. Hallinn á vöruskiptunum var 28,7% árið 2004, 18,6% árið 2003 og 12,4% árið 2001.

Tafla 1. Utanríkisverslun árin 1996–2005

	Í millj. kr. á verðlagi hvers árs			Útflutt	
	Útflutt fob	Innflutt cif	Útflutt umfram innflutt (fob-cif)	umfram innflutt í % af útflutningi	
1996	125.690	135.994	-10.304	-8,2	
1997	131.213	143.227	-12.014	-9,2	
1998	136.592	176.072	-39.480	-28,9	
1999	144.928	182.322	-37.394	-25,8	
2000	149.273	203.222	-53.949	-36,1	
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4	
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6	
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6	
2004	202.373	260.431	-58.058	-28,7	
2005	194.355	313.855	-119.500	-61,5	



### Vöruskiptajöfnuður óhagstæður


Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 288,9 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2005 því óhagstæður um 94,5 milljarða. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuðurinn fob við útlönd hefur verið hagstæður tvívegis á síðustu tíu árum. Mestur afgangur varð árið 2002, 1,6% af vergri landsframleiðslu. Hallinn var mestur, 9,5% af vergri landsframleiðslu, árið 2005. Árið 2004 var halli 4,1% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskipta-jöfnuð í hlutfalli af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 1996–2005**


Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2005 <sup>1</sup>		Vöruskiptajöfnuður		
	Útflutt fob	Innflutt fob	Útflutt fob	Innflutt fob	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verðlagi ársins 2005 <sup>1</sup>	Hlutfall af vlf., %
	1996	125.690	124.836	161.395	233.566	854	-72.171
1997	131.213	131.326	166.042	233.755	-113	-67.713	-0,02
1998	136.592	162.062	177.526	232.050	-25.470	-54.524	-4,36
1999	144.928	167.778	175.868	232.779	-22.850	-56.911	-3,64
2000	149.273	187.276	183.531	252.841	-38.003	-69.310	-5,60
2001	196.582	203.083	225.380	304.512	-6.501	-79.132	-0,85
2002	204.303	191.205	219.726	296.754	13.098	-77.028	1,64
2003	182.580	199.512	198.674	288.642	-16.932	-89.968	-2,05
2004	202.373	240.160	201.619	300.111	-37.787	-98.492	-4,12
2005	194.355	288.895	194.355	288.895	-94.540	-94.540	-9,49

<sup>1</sup> Miðað við breytingar á magnvísítolum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísítolum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) í hlutfalli af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) í hlutfalli af vergri landsframleiðslu**




**Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2005**



Mynd 3 sýnir hlutfall útflutnings og innflutnings vöru af vergri landsframleiðslu yfir 45 ára tímabil. Þar sést að hlutdeild útflutnings og innflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu og hefur heldur farið lækkandi hin síðari ár. Þó hefur hlutdeild innflutnings aukist árin 2004 og 2005. Þetta bendir til þess að þegar litið er á vörubiðskiptin eingöngu þá sé hagkerfið ekki að verða opnara en aftur á móti hafa þjónustubiðskiptin við útlönd stóraukist. Sveiflur í gengi geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.

**Mynd 3. Útflutningur og innflutningur í hlutfalli af vergri landsframleiðslu 1960–2005**



### Verð- og magnbreytingar 2004–2005

*Útflutningur og innflutningur jókst á föstu gengi*

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 7% frá árinu 2004 til 2005 og verðmæti innflutnings fob jókst um 34% þegar tekið hefur verið tillit til 10,2% lækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli ára, eins og sést í töflu 3. Verðmæti sjávarafurða jókst um 0,8%, reiknað á sama gengi bæði árin og verðmæti

iðnaðarvara jókst um 4,7%. Umtalsverð aukning varð í flestum liðum innflutnings, mest í flutningatækjum (62,1%) og fjárfestingarvöru (41,7%).

**Tafla 3. Verðmæti útflutnings og innflutnings og breytingar á föstu gengi árin 2004 og 2005**

	2004	2005	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi <sup>1</sup> , %
<b>Útflutningur alls fob</b>	<b>202.373,0</b>	<b>194.355,3</b>	<b>7,0</b>
Sjávarafurðir	121.745,7	110.130,1	0,8
Landbúnaðarvörur	4.261,3	3.759,6	-1,7
Iðnaðarvörur	71.073,5	66.775,8	4,7
Aðrar vörur	5.292,5	13.689,7	.
<b>Innflutningur alls fob</b>	<b>240.160,0</b>	<b>288.894,8</b>	<b>34,0</b>
Matvörur og drykkjarvörur	20.831,4	19.720,5	5,5
Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.	61.085,6	69.103,6	26,0
Eldsneyti og smurolíur	21.858,6	27.028,2	37,8
Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)	52.823,7	67.199,4	41,7
Flutningatæki	40.013,2	58.204,7	62,1
Neysluvörur ót.a.	43.317,9	47.335,0	21,7
Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)	229,6	303,3	47,2
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-37.787,0</b>	<b>-94.539,5</b>	.

<sup>1</sup> Miðað er við meðalgengi á vörnuviðskiptavog. Á þann maelikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 10,2 % lægra mánuðina janúar–desember 2005 en sömu mánuði fyrra árs.

*Útflutningsverð og  
innflutningsverð lækkuðu.  
viðskiptakjör við útlönd  
versnuðu*

Í skýrslum Hagstofunnar um utanríkisverslun hefur venjan verið sú að umreikna tölur fyrra árs til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölur. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð- og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verðvísítölur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Þetta er gert í töflu 4 og samkvæmt þeim útreikningum lækkaði útflutningsverð í krónum um 4,0% frá árinu 2004 til ársins 2005 og innflutningsverð lækkaði um 3,7% árið 2005 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 0,4% frá árinu 2004 til ársins 2005.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vörutíflutnings 8,5% lægra árið 2005 en árið áður og útflutningsverð lækkaði á sama tíma um 4,0%. Að raungildi dróst því vörutíflutningur saman um 4,6% frá 2004 til 2005. Verðmæti „almenns“ innflutnings fob jókst um 19,5% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð lækkaði um 3,7% og því jókst vöruiinnflutningurinn að raungildi um 24,0%.


**Tafla 4. Verð- og magnvísítölur út- og innflutnings og vísitala viðskiptakjara 1996–2005**

Vísitala 2000 = 100	Almennur útflutningur <sup>1</sup>		Almennur innflutningur <sup>2</sup>		Viðskiptakjör
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala	
1996	89,7	93,2	95,8	69,6	93,7
1997	92,0	94,2	95,0	75,9	96,8
1998	98,7	93,5	94,0	92,3	105,0
1999	97,5	97,7	93,2	96,5	104,6
2000	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2001	122,9	107,4	120,0	89,2	102,5
2002	120,1	115,3	115,8	87,5	103,7
2003	108,3	115,1	111,4	99,0	97,2
2004	109,9	125,7	115,6	113,0	95,1
2005	105,5	119,9	111,3	140,1	94,7

<sup>1</sup> Allur útflutningur að "öðrum vörum" (í vöruflokkun Hagstofu Íslands) frátoldum.

<sup>2</sup> Allur innflutningur að skipum, flugvélum og vörum ót.a. (liður 7 í hagrænni flokkun innflutnings) frátoldum.

**Mynd 4. Magnvísítölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2005**




### Útflutningur og innflutningur eftir helstu vöruflokkum

*Útflutningur dróst saman ...*

Heildarútfutningur 2005 á verðlagi hvors árs dróst saman um 4,0% eða um 8,0 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Sjávarafurðir voru 56,7% alls útflutnings, eða 110,1 milljarður, og dróust saman um 9,5% frá fyrra ári, eða 11,6 milljarða. Á mynd 5 sést að hlutfall sjávarafurða í vörúútflutningi hefur síðustu ár lækkað smám saman, úr 75,3% á árinu 1994, en hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur hækkað, úr 18,7% á árinu 1994 í 34,4% á árinu 2005. Á árinu 2005 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 35,6% af heildarútfutningi, þá sérstaklega útflutningur á þorski sem var 21,6% alls útflutnings eða 42,0 milljarðar. Þær tegundir sem komu næst útflutningi á þorski voru ýsa með 11,7 milljarða króna útflutning, loðna með 9,3 milljarða króna útflutning og karfi og rækja með 7,9 milljarða króna útflutning hvort. Samdrátt útflutnings sjávarafurða mátti einna helst rekja til minni útflutnings á þorski, 6,1 milljarð, aðallega blautverkuðum saltfiski og landfrystum flökum en einnig varð samdráttur í útflutningi rækju um 3,8 milljarða. Á móti kom aukning á útflutningi á síld um 2,5 milljarða, aðallega fryst síldarsamflök.

Iðnaðarvörur voru 34,4% alls útflutnings og dróst verðmæti þeirra saman um 6,0% eða 4,3 milljarða. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 36,0 milljarðar eða 18,5% af heildarútflutningi, dróst saman um 0,5 milljarða. Útflutningur á kísiljární vó næst mest í iðnaðarvörum, 3,1% eða 6,1 milljarð og fast á hæla þess kom útflutningur á lyfjavörum 3,0% eða 5,9 milljarða. Lyfjavörur eru jafnframt sá liður iðnaðarvara sem dróst mest saman frá fyrra ári í krónum talið, eða um 3,1 milljarð.


**Mynd 5. Hlutfallsleg skipting útflutnings eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1994–2005**



*... en innflutningur jókst*

Heildarinnflutningur á verðlagi hvors árs jókst um 20,5% eða um 53,4 milljarða á verðlagi hvors árs eins og sjá má í töflu 6. Stærstu liðir innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 24,7% af heildarinnflutningi, eða 77,7 milljarðar, fjárfestingarvörur, 22,8% eða 71,6 milljarðar og flutningatæki, 19,7% eða 61,7 milljarðar. Í krónum talið varð mest austung á innflutningi flutningatækja eða 19,5 milljarðar, þar af jókst innflutningur á fólksbílum um 9,7 milljarða og innflutningur á flugvélum um 4,5 milljarða. Þá jókst innflutningur á fjárfestingarvörum um 15,5 milljarða, hrá- og rekstrarvöru um 9,4 milljarða og eldsneyti og smurolíu um 5,4 milljarða.

**Mynd 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2005, hlutfallsleg skipting**




## Utanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

77% af útflutningi til EES og 69% af innflutningi frá EES


Evrópska efnahagssvæðið<sup>1</sup> var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2005, 77% af útflutningi fór til EES árið 2005 og jókst hlutdeild EES landa úr 75% frá árinu 2001 (að öllum 27 löndunum meðtöldum) eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 69% af innflutningi frá EES, samanborði við 67% frá árinu 2001 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur til og innflutningur frá Bandaríkjunum dregist saman. Útflutningur til Japan hefur einnig dregist saman en innflutningur þaðan aukist.

Íslendingar fluttu út mest til Bretlands en innflutningur var mestur frá Þýskalandi. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) (Utanríkisverslun – Innflutningur/Útflutningur).

**Mynd 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2000–2005**



**Mynd 8. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 2000–2005**



<sup>1</sup> EES-lönd eru öll ESB lönd og EFTA-lönd að Sviss undanskildu.

*Bretland helsta útflutningsland  
Íslendinga*

Fimm helstu útflutningslönd tóku við 62% af heildarútflutningi Íslendinga 2005 samanborið við tæp 64% árið 2004 og 62% árið 2003 (töflur 7 og 9). Bretland var helsta útflutningsland Íslendinga árið 2005 eins og árin á undan. Verðmæti útflutnings til Bretlands nam þá 34,6 milljörðum króna, 18% af heildarútflutningi og dróst saman um 10% frá árinu 2004 reiknað á verðlagi hvors árs. Sjávarafurðir voru 82% útflutningsins til Bretlands árið 2005 og af einstökum vörum innan þess flokks má helst nefna þorsk, ýsu og rækju. Samdrátt útflutnings til Bretlands mátti einna helst rekja til minni útflutnings á rækju, þorski og lyfjavörum en á móti kom aukning á útflutningi á ýsu.

Íslendingar seldu næst mest til Þýskalands á árinu 2005 eins og árin áður. Þangað var flutt út fyrir 30,8 milljarða króna, 16% af heildarútflutningi. Útflutningur til Þýskalands dróst saman um 14% frá fyrra ári, á verðlagi hvors árs. Samdráttur á útflutningi til Þýskalands var aðallega vegna minni útflutnings á iðnaðarvörum, aðallega á lyfjavörum og áli. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Þýskalands var aðeins 19%. Af sjávarafurðum var mest flutt út af karfa. Í útflutningi til Þýskalands vógu iðnaðarvörur þyngst eða 79%, einkum ál.

Holland var þriðja í röðinni, eins og árin á undan. Sala þangað nam 24,3 milljörðum eða 13% af heildarútflutningi, jókst um 12% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Aukningu útflutnings til Hollands má aðallega rekja til aukins útflutnings á þorski og áli. Hlutfall sjávarafurða til Hollands var tiltölulega lágt, eða 24%. Iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi til Hollands, sérstaklega ál.

*Þýskaland helsta  
innflutningsland Íslendinga*


Innflutningur frá þeim fimm löndum sem mest var flutt inn frá nam alls 46% af heildarinnflutningi árið 2005 samanborið við 47% árið 2004 og 42% árið 2003 (töflur 8 og 10). Árið 2005 var mestur innflutningur til Íslands frá Þýskalandi, þriðja árið í röð. Árið 2005 voru fluttar inn vörur frá Þýskalandi fyrir 43,4 milljarða króna, 14% af heildarinnflutningi og innflutningur þaðan jókst að verðmæti um 32% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutæki, sem einnig er helsta ástæða aukningar á innflutningi frá Þýskalandi.

Árið 2005 var næst mest flutt inn frá Bandaríkjunum eins og árið á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 29,3 milljörðum króna, 9% af heildarinnflutningi og jókst um 11% frá árinu 2004, reiknað á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti innfluttra vara frá Bandaríkjunum árið 2005 var innflutningur á vélum og samgöngutækjum og var það einnig helsta ástæða aukins innflutnings frá Bandaríkjunum.


Svíþjóð var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2005, en var í því sjötta árin tvö á undan, með innflutning að verðmæti 26,5 milljarða króna, 8% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Svíþjóð jókst að verðmæti um 63% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Stærstur hluti innflutningsins var innflutningur á eldsneyti og var það einnig helsta ástæða aukins innflutnings frá Svíþjóð.

Myndir 9 og 10 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2005 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2005. Þar sést að umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Bretland en halli á viðskiptum við Svíþjóð.

**Mynd 9. Útflutningur og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2005**



**Mynd 10. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2005**



Greining utanríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (töflur 11 og 12) sýnir að EES lönd áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2005, 77%. Sjávarafurðir voru 57% alls útflutningsins og af þeim voru 78% flutt út til EES landa. Þessi lönd keyptu 83% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í innflutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (25%) og af þeim voru 74% flutt inn frá EES löndunum. Um 96% eldsneytis kom frá EES löndum, aðallega Svíþjóð, og um 69% fjárfestingarvara komu frá EES löndum.

Á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, svo sem eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðssvæðum og löndum og flokkunum.

**Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2004–2005**

Fob verð á verðlagi hvors árs	2004			2005			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>1.525.012,6</b>	<b>202.373,0</b>	<b>100,0</b>	<b>1.485.801,5</b>	<b>194.355,3</b>	<b>100,0</b>	<b>-4,0</b>
<b>1 Sjávarafurðir</b>	<b>827.537,5</b>	<b>121.745,7</b>	<b>60,2</b>	<b>754.513,9</b>	<b>110.130,1</b>	<b>56,7</b>	<b>-9,5</b>
11 Uppsjávarfiskur	339.523,7	17.689,8	8,7	332.866,2	18.400,3	9,5	4,0
110 Síld	68.351,2	4.685,4	2,3	99.461,1	7.200,0	3,7	53,7
111 Loðna	174.324,1	9.365,5	4,6	176.989,6	9.324,8	4,8	-0,4
112 Kolmunni	72.048,2	3.444,9	1,7	41.509,8	1.780,8	0,9	-48,3
113 Makrill	–	–	–	56,4	3,5	0,0	–
119 Annar uppsjávarfiskur	24.800,2	194,0	0,1	14.849,4	91,3	0,0	-52,9
12 Botnfiskur, helstu tegundir	253.150,4	73.089,7	36,1	245.243,7	69.185,3	35,6	-5,3
120 Þorskur	123.869,9	48.044,5	23,7	113.928,1	41.973,0	21,6	-12,6
121 Ýsa	39.447,8	10.052,9	5,0	44.476,8	11.744,3	6,0	16,8
122 Ufsi	29.415,7	4.646,1	2,3	30.100,8	4.669,5	2,4	0,5
123 Karfi	47.973,9	7.523,0	3,7	43.758,0	7.936,0	4,1	5,5
124 Steinbítur	7.430,5	1.562,7	0,8	7.201,1	1.558,3	0,8	-0,3
125 Langa	2.461,7	598,4	0,3	2.806,4	562,5	0,3	-6,0
126 Blálanga	9,1	2,9	0,0	68,0	9,1	0,0	210,6
127 Keila	673,8	148,0	0,1	749,0	184,0	0,1	24,4
128 Skötuselur	1.697,6	477,3	0,2	1.908,5	521,1	0,3	9,2
129 Skata	170,4	33,9	0,0	247,0	27,7	0,0	-18,4
13 Botnfiskur, annar	46.184,6	4.624,6	2,3	17.383,3	2.946,8	1,5	-36,3
130 Gulllax	938,7	73,4	0,0	2.843,8	220,2	0,1	200,0
131 Háfur og annar háfiskur	140,6	19,4	0,0	52,0	5,5	0,0	-71,5
133 Túnfiskur	2,5	0,9	0,0	5,8	1,9	0,0	116,0
138 Grásleppa	719,9	505,3	0,2	744,3	338,7	0,2	-33,0
139 Annar botnfiskur	44.382,8	4.025,6	2,0	13.737,5	2.380,5	1,2	-40,9
14 Flatfiskur	21.693,1	7.407,5	3,7	17.401,6	5.637,7	2,9	-23,9
140 Grálúða	11.791,1	3.934,6	1,9	9.118,6	3.063,4	1,6	-22,1
141 Lúða	469,6	260,6	0,1	420,7	204,8	0,1	-21,4
142 Skarkoli	3.591,5	1.154,2	0,6	3.055,5	887,6	0,5	-23,1
143 Sólflúra	216,6	64,0	0,0	458,0	103,3	0,1	61,3
149 Annar flatfiskur	5.624,3	1.994,0	1,0	4.348,8	1.378,7	0,7	-30,9
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	34.397,0	12.986,4	6,4	25.184,7	9.335,3	4,8	-28,1
160 Rækja	30.840,1	11.719,2	5,8	22.820,1	7.925,4	4,1	-32,4
161 Humar	910,7	837,4	0,4	1.259,7	1.226,8	0,6	46,5
162 Hörpudiskur	6,5	4,0	0,0	0,4	0,4	0,0	-90,5
164 Smokkfiskur	1.393,8	143,9	0,1	398,3	42,7	0,0	-70,3
165 Ígulker	2,5	2,5	0,0	1,3	1,8	0,0	-28,8
166 Kúfiskur	1.035,4	197,1	0,1	299,5	41,7	0,0	-78,8
167 Beitukóngur	7,1	4,0	0,0	5,7	2,2	0,0	-44,0
168 Sæeyra	1,9	8,1	0,0	0,1	0,1	0,0	-98,3
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.	198,9	70,3	0,0	399,5	94,2	0,0	34,1
19 Aðrar sjávarafurðir	132.588,8	5.947,8	2,9	116.434,3	4.624,6	2,4	-22,2
<b>2 Landbúnaðrvörur</b>	<b>21.639,0</b>	<b>4.261,3</b>	<b>2,1</b>	<b>17.605,8</b>	<b>3.759,6</b>	<b>1,9</b>	<b>-11,8</b>
21 Fiskeldi	4.911,9	1.613,9	0,8	5.353,7	1.529,4	0,8	-5,2
22 Búfé	469,8	661,5	0,3	523,7	370,8	0,2	-43,9
23 Afurðir sláturdýra	5.044,7	1.384,0	0,7	4.469,4	1.216,0	0,6	-12,1
24 Mjólk og mjólkurvörur	638,2	80,9	0,0	705,8	84,5	0,0	4,5
25 Aðrar land- og sjávarnyttjar	10.177,5	498,8	0,2	6.155,9	538,8	0,3	8,0
29 Aðrar landbúnaðar vörur	396,8	22,2	0,0	397,2	20,1	0,0	-9,3

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2004–2005 (frh.)

Fob verð á verðlagi hvors árs	2004			2005			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>3 Iðnaðarvörur</b>	<b>519.809,5</b>	<b>71.073,5</b>	<b>35,1</b>	<b>564.387,8</b>	<b>66.775,8</b>	<b>34,4</b>	<b>-6,0</b>
31 Matur og drykkjarvara	6.130,1	1.489,9	0,7	10.601,9	1.305,0	0,7	-12,4
310 Fiskmeti	2.742,8	1.141,8	0,6	2.521,6	880,8	0,5	-22,9
317 Sælgæti	78,1	45,7	0,0	62,2	35,1	0,0	-23,1
318 Drykkjarvörur	3.011,6	116,4	0,1	7.695,0	231,4	0,1	98,8
319 Önnur matvara	297,6	186,0	0,1	323,2	157,8	0,1	-15,2
33 Fóðurvörur	557,4	20,9	0,0	152,3	23,3	0,0	11,8
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	937,8	13.510,2	6,7	727,5	10.738,2	5,5	-20,5
340 Lyfjavörur	724,4	8.981,9	4,4	505,0	5.876,5	3,0	-34,6
341 Tæki og vörur til lækninga	167,0	4.419,0	2,2	181,5	4.776,2	2,5	8,1
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	46,4	109,4	0,1	41,1	85,5	0,0	-21,8
35 Skinna- og textílvörur	428,8	786,1	0,4	302,0	598,0	0,3	-23,9
36 Unnin jarðefni	496.544,7	44.626,2	22,1	537.640,0	45.249,8	23,3	1,4
360 Ál	280.324,0	36.494,5	18,0	283.607,5	35.997,3	18,5	-1,4
361 Kísiljárn	118.983,1	6.152,8	3,0	125.646,0	6.074,3	3,1	-1,3
362 Kísilgúr	20.030,0	499,7	0,2	3.026,5	61,0	0,0	-87,8
363 Salt	1.940,5	115,4	0,1	2.105,5	121,7	0,1	5,5
364 Steinull	2.854,5	151,6	0,1	3.005,1	145,0	0,1	-4,3
365 Þang og þaramjöл	18,0	1,9	0,0	3,6	1,4	0,0	-27,5
366 Jarðolífur og olíuvörur	52.699,8	1.016,1	0,5	99.412,3	2.668,1	1,4	162,6
367 Krýolít	1.359,2	16,0	0,0	2.102,2	21,1	0,0	31,2
369 Íblöndunarefni fyrir sement	18.335,6	178,1	0,1	18.731,3	160,0	0,1	-10,2
37 Vörur til fiskveiða	3.641,9	3.702,0	1,8	2.801,4	2.052,8	1,1	-44,6
370 Rafeindavogir	321,9	1.633,9	0,8	240,6	1.028,1	0,5	-37,1
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h.	791,7	879,8	0,4	495,3	449,6	0,2	-48,9
373 Fiskkassar	1.164,3	390,7	0,2	1.087,6	336,5	0,2	-13,9
379 Vörur til fiskveiða ót.a.	1.364,0	797,7	0,4	977,9	238,6	0,1	-70,1
38 Ýmsar iðnaðarvörur	2.319,0	2.874,6	1,4	2.005,8	2.356,0	1,2	-18,0
381 Umbúðir	1.247,3	212,8	0,1	1.179,3	189,1	0,1	-11,1
382 Álpönnur	170,7	440,2	0,2	146,0	93,4	0,0	-78,8
383 Vélar til matvælaframleiðslu	901,0	2.221,6	1,1	680,5	2.073,5	1,1	-6,7
39 Aðrar iðnaðarvörur	9.249,8	4.063,6	2,0	10.156,8	4.452,6	2,3	9,6
<b>4 Aðrar vörur</b>	<b>156.026,7</b>	<b>5.292,5</b>	<b>2,6</b>	<b>149.294,1</b>	<b>13.689,7</b>	<b>7,0</b>	<b>158,7</b>
41 Jarðefni	79.349,3	230,8	0,1	76.106,6	201,5	0,1	-12,7
42 Endurheimtar vörur	67.446,1	950,7	0,5	58.229,0	741,8	0,4	-22,0
43 Flutningsför	7.375,3	1.882,3	0,9	13.583,6	10.721,1	5,5	469,6
430 Notuð skip	6.503,8	384,0	0,2	12.204,1	2.008,6	1,0	423,1
432 Flugvélar	0,2	2,0	0,0	509,2	7.653,1	3,9	.
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	871,2	1.496,4	0,7	870,3	1.059,4	0,5	-29,2
49 Aðrar vörur	1.856,0	2.228,7	1,1	1.374,8	2.025,3	1,0	-9,1

**Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2004–2005**

Cif-verð á gengi hvors árs	2004			2005			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>3.213.125,8</b>	<b>260.430,8</b>	<b>100</b>	<b>3.438.151,4</b>	<b>313.854,6</b>	<b>100</b>	<b>20,5</b>
<b>1 Matvörur og drykkjarvörur</b>	<b>206.947,5</b>	<b>23.334,4</b>	<b>9</b>	<b>225.006,6</b>	<b>22.234,6</b>	<b>7,1</b>	<b>-4,7</b>
111 Óunnar, einkum til iðnaðar	98.807,7	6.976,6	2,7	103.905,1	5.484,6	1,7	-21,4
112 Óunnar, einkum til heimilisnota	26.916,5	3.444,3	1,3	29.696,7	3.554,7	1,1	3,2
121 Unnar, einkum til iðnaðar	19.811,0	1.234,5	0,5	25.310,4	1.179,1	0,4	-4,5
122 Unnar, einkum til heimilisnota	61.412,2	11.679,0	4,5	66.094,4	12.016,1	3,8	2,9
<b>2 Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.</b>	<b>1.734.869,2</b>	<b>68.281,2</b>	<b>26,2</b>	<b>1.885.882,6</b>	<b>77.655,9</b>	<b>24,7</b>	<b>13,7</b>
210 Óunnar	611.682,9	3.887,5	1,5	708.639,1	4.132,1	1,3	6,3
220 Unnar	1.123.186,3	64.393,7	24,7	1.177.243,5	73.523,8	23,4	14,2
<b>3 Eldsneyti og smurolífur</b>	<b>966.252,6</b>	<b>23.347,9</b>	<b>9</b>	<b>948.598,3</b>	<b>28.773,3</b>	<b>9,2</b>	<b>23,2</b>
310 Ónnið eldsneyti	105.241,9	860,2	0,3	117.895,7	1.222,1	0,4	42,1
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín	152.987,1	4.479,0	1,7	164.167,1	5.739,9	1,8	28,2
322 Annað unnið eldsneyti og smurolífur	708.023,5	18.008,6	6,9	666.535,4	21.811,3	6,9	21,1
<b>4 Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)</b>	<b>187.338,9</b>	<b>56.077,6</b>	<b>21,5</b>	<b>223.659,1</b>	<b>71.611,0</b>	<b>22,8</b>	<b>27,7</b>
410 Fjárfestingarvörur	32.959,1	37.364,8	14,3	62.730,5	47.300,8	15,1	26,6
420 Hlutar til þeirra	154.379,8	18.712,8	7,2	160.928,6	24.310,2	7,7	29,9
<b>5 Flutningataeki</b>	<b>61.757,1</b>	<b>42.180,9</b>	<b>16,2</b>	<b>85.013,7</b>	<b>61.680,6</b>	<b>19,7</b>	<b>46,2</b>
510 Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar)	21.449,7	17.856,0	6,9	34.718,2	27.548,1	8,8	54,3
521 Flutn.tæki til atv.rek. (ekki skip, flugv.)	14.069,1	7.837,2	3	26.941,3	11.657,8	3,7	48,7
522 Önnur flutningataeki, til einkanota	1.139,8	973,7	0,4	1.997,3	1.639,8	0,5	68,4
530 Hlutar til flutningatækja	8.054,1	6.902,4	2,7	10.576,3	8.376,4	2,7	21,4
540 Skip	16.807,7	3.420,3	1,3	9.825,5	2.742,2	0,9	-19,8
550 Flugvélar	236,7	5.191,2	2	955,0	9.716,3	3,1	87,2
<b>6 Neysluvörur ót.a.</b>	<b>55.411,4</b>	<b>46.964,2</b>	<b>18</b>	<b>69.519,0</b>	<b>51.567,3</b>	<b>16,4</b>	<b>9,8</b>
610 Varanlegar (t.d. heimilstæki)	21.171,4	11.976,4	4,6	28.977,0	14.943,8	4,8	24,8
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)	15.308,8	16.614,8	6,4	19.077,4	18.663,0	5,9	12,3
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)	18.931,2	18.372,9	7,1	21.464,7	17.960,5	5,7	-2,2
<b>7 Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)</b>	<b>549,1</b>	<b>244,7</b>	<b>0,1</b>	<b>472,1</b>	<b>332,0</b>	<b>0,1</b>	<b>35,6</b>
700 Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur)	549,1	244,7	0,1	472,1	332,0	0,1	35,6

**Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2001–2005**

Fob-verð á gengi hvers árs	2001		2002		2003		2004		2005		Breyting '04-'05
	Millj. kr.	%									
<b>Samtals</b>	<b>196.582,2</b>	<b>100,0</b>	<b>204.303,0</b>	<b>100,0</b>	<b>182.580,0</b>	<b>100,0</b>	<b>202.373,0</b>	<b>100,0</b>	<b>194.355,3</b>	<b>100,0</b>	<b>-4,0</b>
<b>EES</b>	<b>147.854,8</b>	<b>75,2</b>	<b>157.084,2</b>	<b>76,9</b>	<b>142.893,0</b>	<b>78,3</b>	<b>158.245,8</b>	<b>78,2</b>	<b>150.117,1</b>	<b>77,2</b>	<b>-5,1</b>
Austurríki	266,5	0,1	224,4	0,1	268,4	0,1	415,4	0,2	522,5	0,3	25,8
Belgía	2.798,9	1,4	3.209,7	1,6	3.215,8	1,8	3.665,4	1,8	4.094,5	2,1	11,7
Bretland	35.839,1	18,2	35.739,0	17,5	31.990,1	17,5	38.521,4	19,0	34.614,5	17,8	-10,1
Danmörk	8.282,1	4,2	9.417,4	4,6	9.315,3	5,1	9.580,9	4,7	8.083,0	4,2	-15,6
Eistland	388,8	0,2	89,8	0,0	237,5	0,1	50,9	0,0	24,8	0,0	-51,4
Finnland	1.326,5	0,7	1.867,1	0,9	1.336,0	0,7	1.022,1	0,5	770,0	0,4	-24,7
Frakkland	7.687,9	3,9	7.500,7	3,7	7.381,5	4,0	8.155,1	4,0	7.235,6	3,7	-11,3
Grikkland	1.196,0	0,6	1.475,4	0,7	2.113,7	1,2	2.323,3	1,1	1.353,0	0,7	-41,8
Holland	21.442,1	10,9	22.059,4	10,8	20.459,9	11,2	21.753,8	10,7	24.296,7	12,5	11,7
Írland	284,1	0,1	329,0	0,2	342,9	0,2	351,1	0,2	2.173,3	1,1	519,1
Ítalía	2.517,1	1,3	2.762,9	1,4	2.464,7	1,3	2.180,3	1,1	1.886,5	1,0	-13,5
Kýpur	14,6	0,0	142,9	0,1	149,5	0,1	24,8	0,0	58,5	0,0	136,2
Lettland	694,3	0,4	542,0	0,3	195,9	0,1	250,9	0,1	280,1	0,1	11,6
Liechtenstein	—	—	—	—	0,1	0,0	1,9	0,0	—	—	—
Litháen	784,0	0,4	1.434,4	0,7	1.295,3	0,7	1.927,8	1,0	2.504,6	1,3	29,9
Lúxemborg	55,2	0,0	63,8	0,0	54,4	0,0	176,8	0,1	59,5	0,0	-66,4
Malta	33,3	0,0	14,5	0,0	83,9	0,0	183,5	0,0	242,1	0,1	32,2
Noregur	10.384,3	5,3	9.332,6	4,6	8.157,4	4,5	6.086,9	3,0	5.202,0	2,7	-14,5
Portugal	10.816,3	5,5	8.865,0	4,3	6.916,4	3,8	6.816,4	3,4	5.152,2	2,7	-24,4
Pólland	1.035,5	0,5	1.326,0	0,6	1.120,7	0,6	2.394,6	1,2	3.983,9	2,0	66,4
Slóvakía	30,2	0,0	18,4	0,0	15,9	0,0	10,0	0,0	17,8	0,0	78,5
Slóvenía	16,2	0,0	8,5	0,0	8,3	0,0	17,0	0,0	30,4	0,0	78,7
Spánn	10.538,6	5,4	10.693,9	5,2	11.546,5	6,3	14.025,4	6,9	14.442,4	7,4	3,0
Svíþjóð	2.084,7	1,1	2.174,3	1,1	2.348,9	1,3	2.228,7	1,1	2.093,6	1,1	-6,1
Tékkland	42,2	0,0	17,3	0,0	30,1	0,0	18,5	0,0	62,1	0,0	235,1
Ungverjaland	4,1	0,0	28,0	0,0	14,4	0,0	181,6	0,1	132,2	0,1	-27,2
Þýskaland	29.292,2	14,9	37.747,9	18,5	31.829,3	17,4	35.881,4	17,7	30.800,9	15,8	-14,2
